

Fundargerð (56)

Fundur haldinn um fjarfundabúnað teams fimmtudaginn 23. júní 2022, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Laufey Gissurardóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Dagný Aradóttir Pind
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Rakel Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Sigurjón Norberg Kjærnested
Verkefnisstjóri: Bára Hildur Jóhannsdóttir.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á teams.

Í upphafi fundar var umfjöllun um fyrirhugað fræðsluátak og störf matshóps. Þá hluta dagskrár sátu samskipta- og kynningarfulltrúar stéttarfélaganna: Þórhildur Þorkelsdóttir BHM, Freyja Steingrímsdóttir BSRB og Ari Brynjólfsson Fíh. Jafnframt sátu fundinn framan af fulltrúar úr matshópi: Alda Margrét Hauksdóttir, Þórir Gunnarsson, Kristjana E. Guðlaugsdóttir og Helgi Aðalsteinsson.

- 1. Fræðsluátak.** Samskiptafulltrúar stéttarfélaganna hafa tekið að sér að vera verkefnastjórn og stýrihópi til ráðgjafar og samstarfs um skipulag og framkvæmd nýs fræðsluátaks og leiðir til að fanga athygli á mikilvægi kerfisbreytingarinnar sem felst í BVV. Fram kom að fordæmalaust álag á vaktavinnustéttir vegna Covid og skortur á sérhæfðu starfsfólki hafi haft áhrif á innleiðingu, framkvæmd og eftirfylgni betri vinnutíma í vaktavinnu á mörgum vinnustöðum. Speglast það m.a. í neikvæðari viðhorfum til breytinganna en búist var við og erfitt er að aðgreina BVV frá öðrum utanaðkomandi þáttum sem hafa haft áhrif. Samskiptafulltrúarnir hafa átt fundi með tveimur auglýsingastofum og rætt leiðir til að fræðsla um markmið og áhrif kerfisbreytingarinnar sé þannig sniðin að hún skili sér til þeirra sem hlut eiga að máli. Fram kom að áður en lengra er haldið þurfi að tryggja fjármögnun slíks fræðsluátaks. Stýrihópurinn mun ræða það mál síðar á fundinum. Samþykkt var að Bára Hildur verði áfram tengiliður stýrihópsins við samskiptafulltrúana og jafnframt verði Rakel, Harpa Júlía og Dagný bakland til ábendinga til að skilaboð og fræðsla sé í takti við áherslur stýrihóps. Samskiptafulltrúarnir viku af fundi kl 15.05.
- 2. Matshópur.** Í forföllum Kolbeins gerði Bára Hildur grein fyrir því að breyturnar stórhátíðakaup og yfirvinna vegna bætingar og áhrif þeirra á vinnumagn og

heildarlaunakostnað, séu til sérstakrar skoðunar í matshópi. Breyturnar hafa mismikil áhrif fyrir og eftir Betri vinnutíma í vaktavinnu og mismunandi eftir launagreiðendum sem nota ólíkar launategundir. Samstaða um að matshópi gefist betri tími til að kanna málið ofan í kjölinn og meta áhrifin á leiðrétt vinnumagn og heildarlaunakostnað. Þessar breytur varða ekki lykilmælikvarðana vaktahvata og starfshlutfall. Fulltrúar í matshópnum viku af fundi kl. 15.35.

3. **Fundargerð** síðasta fundar 2. júní 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins, var samþykkt.
4. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu, dags. 23. júní 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins. Gerði hún grein fyrir helstu viðfangsefnum og samskiptum verkefnastjórnar frá síðasta fundi. Sérstök umræða var um fyrirhugað fræðsluáttak og fjármögnun þess. Verkefnastjóra falið að taka saman minnisblað með tillögu og rökstuðningi og senda fulltrúm í stýrihópnum í tölvupósti. Ákveðið að afgreiðsla málsins verði rafræn þar sem mikilvægt er að tíminn fram á haustið nýtist eftir föngum.
5. **Önnur mál.**
 - **Stöðuskýrslur innleiðingarhópa.** Skýrslur frá öllum nema innleiðingarhópi ríkisins liggja fyrir í gögnum fundarins. Minnt á ákvörðun síðasta stýrihópsfundar um að næstu skref í eftirfylgni BVV verði sett á dagskrá í innleiðingarhópnum. Markmið umræðu þar er að nýta reynslu, skýrslur og verfæri BVV sem best til að fylgja innleiðingunni eftir á vettvangi einstakra launagreiðenda.
 - **Næsti fundur** verður fjarfundur á teams í síðari hluta ágústmánaðar. Verkefnastjóri mun senda út fundarboð.

Fundi slitið kl. 16.08. Fundargerð er aðgengileg á teams.